

Ísafjörður 17.09.2021

Beiðni vegna:

Vallarklukku á Olísvöllinn á Torfnesi

Síðustu ár hefur verið mikil gróska og uppbygging hjá knattspyrnudeild Vestra, bæði hjá yngri flokkum sem og meistaraflokk. Þetta hefur bæði skilað sér í auknum iðkendafjölda yngri flokka og einnig áhuga og umtali á meistaraflokk og velgengni þeirra síðustu mánaða. Félagið hefur lagt sig fram við að horfa fram á við og setja sér háleit markmið. Í þjálfaramálum hefur félagið, t.d verið að ráða til sín vel menntaða þjálfara sem hafa átt þátt í því að skila góðum árangri félagsins.

Það sem hefur verið ábótavant er viðhald og uppbygging á svæðinu. Þann 15.september s.l. fékk Vestri stórlið Vals í heimsókn á Olísvöllinn. Skemmt er frá því að segja að leikurinn fór 2-1 fyrir heimamönnum. Uppselt var á leikinn og mikil stemming í kringum hann. Það sem skyggði þó aðeins á alla gleðina og fagmennskuna á bakvið leikinn og alla vinnu sjálfboðaliða var vallarklukkan okkar. Hún hefur svo sannarlega sinnt okkar þörfum síðustu ár, en fyrir nokkru síðan fór hún að bila og er hún núna ónýtt. Á stórleiknum í fyrradag var slökkt á henni þar sem að hvorki tími né markafjöldi helst á henni. Klukkan hefur ekki virkað síðustu mánuði eða jafnvel ár og er kominn tími til að skipta henni út.

Síðustu mánuði hefur félagið sjálft reynt að finna úrbætur á þessu klukku-máli en það hefur ekki gengið upp.

Það er mikilvægt að fá nýja klukku á völlinn fyrir komandi tímabil. Knattspyrnudeild óskar því eftir því að vallarklukka á Olísvöllinn á Torfnesi komi inn á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Kostnaður nýrrar klukku er um 5.000.000kr,-

Virðingarfyllst,

F.h stjórnar knattspyrnudeildar

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg